

*Tollverð

Úrskurður nr. 4/2004.

Kærður er úrskurður tollstjóra nr. 3/2004 um endurgreiðslu eftirgjafar vörugjalds af tveimur bílaleigubifreiðum. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd vísaði málinu frá þar sem kærufurstur var liðinn.

Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 11. gr., 100. gr., 101. gr. 111. gr. Lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. 1. gr. og 27. gr. Lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 5. gr. Stjórnáráðslög nr. 37/1993 27- 28 gr. Reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum 4. tl. 14. gr. og 20 gr.

Með bréfi, dags. 10 apríl 2004, sem barst nefndinni þann 5. maí s. á. kærir L. f.h. Þ, fyrirsvarsmanns S. úrskurð tollstjóra nr. 3/2004, uppkveðinn þann 4. febrúar 2004. Í nefndum úrskurði er fyrirtækið S. krafði um greiðslu vörugjalda af bifreiðunum RR-860 og YM-408 þar sem ekki er talið að uppfyllt hafi verið skilyrði kvaðar vegna eftirgjafar vörugjalds af bifreiðunum sbr. skilyrði undanþágu sbr. 4. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Í gögnum kæranda segir m.a. að umbj. hans sem rak bílaleigu "S." hafi verið erlendis á þriðja mánuð og komi ekki aftur til landsins fyrr en í byrjun næsta mánaðar. Vegna fjarveru hans frá vinnu s.l. tvo mánuði hafi ekki verið unnt að taka málið til afgreiðslu fyrr en nú. Því er óskað eftir því að sá frestur sem gefinn var til að kæra til ríkistollanefndar verði framlengdur af þeim sökum og að nefndin fjalli efnislega um málið. Með kærinni fylgdi bréf sem umbjóðandi hans skrifaði tollstjóraembættinu þann 10. desember 2003 þar sem hann leitast við að skýra sitt mál. Þar kemur fram að hann rak bílaleigu með 23 bifreiðum og var sótt um niðurfellingu vörugjalda af tveimur bifreiðum RR-860 og YM-408. Leitast hafi verið við að uppfylla allar reglur og skráð hafi verið samviskulega allir km í útleigu á leigusamninga. Reksturinn gekk hins vegar ekki vel og varð úr að gerður var samningur við Á. bílaleigu um yfirtöku á rekstri bifreiðanna. Veit umbjóðandi kæranda ekki annað en samviskusamlega hafi verið fyllt út öll lögboðin gögn þar að lútandi. Í ljósi framangreindra reglna og reglugerðarbreytinga hafði forsvarsmaður bílaleigunnar símasamband við tollstjóraembættið og spurðist fyrir hvort þessi tilhögun hefði einhver áhrif á vörugjöldin. Að hans sögn var honum tjáð að svo væri ekki. Þá segir að í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 4. febrúar s.l. sé því alfarið hafnað að slíkar upplýsingar hafi getað komið fram af hálfu embættisins.

Fram kemur í gögnum kæranda að það sé svo að á öllum bílaleigum landsins tíðkist það að um samstarf sé að ræða, þ.e.a.s. að bifreiðar séu lánaðar milli leiga til að mæta tímabundnum verkefnum. Þá segir að ekki sé vitað til þess að aðilar innan bílaleigubransans hafi heyrt um neinar hömlur á þessum lánsviðskiptum milli leiga. Umbjóðandi kæranda telur tollstjóra hafa mikið verk fyrir höndum ef hann ætlar að fara yfir alla leigusamninga bílaleiga sem fengið hafa undanþágu á greiðslu vörugjalda. Kærandi segir umbjóðanda sinn hafa verið í góðri trú og talið sig vera að framfylgja lögum og reglum eftir bestu vitund. Þá sé þess að geta að mál þetta hafi m.a. haft miklar persónulegar og fjárhagslegar afleiðingar fyrir umbj. kæranda vegna ábyrgða og aðkomu fjölskyldumeðlima hans þar sem gengið var í ábyrgðir af þeirra hálfu og hans sjálfs vegna reksturs hans gagnvart því bílaumboði sem lagði til ofangreindar bifreiðar. Gerð er krafa um eftirgjöf vörugjalds af bifreiðunum RR-860 og YM-408.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að gerð sé krafa um greiðslu vörugjalda af bifreiðunum RR-860 og YM-408 sem fyrirtækið S. rak sem bílaleigubifreiðar, þar sem talið er að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði kvaðar vegna eftirgjafar vörugjalds af bifreiðunum, en skilyrði lækkunar vegna bílaleigubifreiða eru tilgreind í 14. gr. rgl. 331/2000. Ástæðan er sú að ekki var unnt að gera grein fyrir a.m.k. 90% akstri hvorrar bifreiðar með framlagningu leigusamninga viðkomandi bílaleigu eða með öðrum hætti en það er eitt af skilyrðum undanþágu sbr. 4. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum með síðari breytingum. Þá segir að samkvæmt framlögðum gögnum hafi bifreiðarnar RR-860 og YM-408 verið nýttar til útleigu hjá bílaleigunni Á. Því hafi skilyrði eftirgjafar vörugjalds verið brotin sbr.

4. tl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum með síðari breytingum.

Skv. framlögðum gögnum bílaleigunnar er notkun bifreiðanna sem hér segir:

RR-860: Skv. gögnum frá bílaleigunni var bifreiðin ekin 43.340 km. við lok 18 mánaða tímabilsins. Lagðir hafa verið fram af hálfu bílaleigunnar, leigusamningar upp á 35.392 km, sem eru 81% af notkun bifreiðarinnar. Ekki er hægt að taka til greina leigusamninga frá bílaleigunni Á., þar sem eingöngu mátti nýta bifreiðina til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu.

YM-408: Skv. gögnum frá bílaleigunni var bifreiðin ekin 42.975 km við lok 18 mánaða tímabilsins. Lagðir hafa verið fram af hálfu bílaleigunnar, leigusamningar upp á 29.882 km, sem eru 70% af notkun bifreiðarinnar. Ekki er hægt að taka til greina leigusamninga frá bílaleigunni Á., þar sem eingöngu mátti nýta bifreiðina til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu.

Þá segir að á bifreiðunum RR-860 og YM-408 hvíli kvaðir um endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds, skv. lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum, og reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum og voru yfirlýsingar þess efnis undirritaðar f.h. bílaleigunnar Stonee ehf. þann 8. nóvember 2001. Yfirlýsingarnar fela í sér skuldbindingu þess efnis að eftirgjöf vörugjalds sé m.a. bundin því skilyrði að *“bifreið skal eingöngu nýtt til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða með öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.”* sbr. 4. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum.

Lagðir hafa verið fram leigusamningar af hálfu S. upp á 35.392 km eða 81% af notkun bifreiðarinnar RR-860 og leigusamningar upp á 29.882 km, sem eru 70% af notkun bifreiðarinnar YM-480. Óumdeilt er að bifreiðarnar RR-860 og YM-408 voru leigðar út í nafni bílaleigunnar Á. Voru bifreiðarnar því ekki eingöngu nýttar til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu. Þar með hafa skilyrði 4. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, fyrir eftirgjöf vörugjalds verið brotin. Skilyrði ofangreindrar reglugerðar eru mjög skýr og ljóst er að löggjöfin tekur ekki tillit til huglægra þátta, s.s. alvöru brotsins, brotavilja, tilgangs o.s.frv. og verður því að hafna beiðni þinni um að tekið verði tillit til þess að reglur hafi ekki verið vísvitandi brotnar. Rík skylda hvílir á forsvarsmönnum/manni þeirrar bílaleigu er í hlut á að kynna sér skilyrði eftirgjafar vörugjalds. Sérstaklega þegar litið sé til þess að skilyrði eftirgjafarinnar komi einnig mjög skýrt fram í yfirlýsingum þeim, er hvílir á viðkomandi bifreiðum og undirritaðar séu fyrir hönd viðkomandi bílaleigu. Í yfirlýsingunum komi einnig skýrt fram, að verði skilyrðum eftirgjafarinnar ekki uppfyllt, skuldbindi viðkomandi bílaleiga sig til að greiða mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar eða niðurfellingar. Einnig sé ljóst að lögveð er í viðkomandi ökutæki fyrir ógreiddu vörugjaldi skv. 3. mgr. 11. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993. Því hafi tollstjóraembættið ekki heimild til að víkja frá skilyrðum laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum né reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Tollstjóri verður athygli á því að embættið hafi heimild til að innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi og jafnframt svipta hina brotlegu bílaleigu rétti til lækkunar vörugjalds skv. 14. gr. í 3 ár, sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 331/2000. Hafi verið ákveðið í ljósi aðstæðna að innheimta aðeins eftirgefið vörugjald auk dráttarvaxta.

Hvað varðar fullyrðingar um að veittar hafi verið rangar upplýsingar af hálfu embættisins varðandi leigu til annarra bílaleiga hafnar embættið því alfarið að rangar upplýsingar hafi verið veittar. Reglum reglugerðar nr. 331/2000 hefur ekkert verið breytt frá setningu þeirra varðandi þann þátt að bifreið skuli eingöngu nýtt til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu enda kemur það skýrt fram í yfirlýsingu vegna eftirgjafar kvaðar. Hvað varðar fyrirspurn þína hvort það séu stöðluð vinnubrögð að kalla inn alla samninga vegna allra bíla sem fengið hafa undanþágu vörugjalda til skoðunar þá er það til svars að það eru stöðluð vinnubrögð að kalla eftir samningum, þó ekki sé það gert í öllum tilfellum, enda er það eitt af skilyrðum eftirgjafar að tollstjóri geti óskað eftir gögnum án fyrirvara.

Tollstjóri úrskurðar, að ákvörðun um greiðslu eftirgefins vörugjalds af bifreiðunum RR-860 og YM-408 skuli standa óbreytt. Þess er hér með krafist að eftirgefið vörugjald af bifreiðunum verði greitt.

Af bifreiðinni RR-860:

Af bifreiðinni YM-408:

Vörugjald	kr. 253.742,00	Vörugjald	kr. 253.743,00
Virðisaukaskattur	kr. 62.167,00	Virðisaukaskattur	kr. 62.167,00
Samtals	kr. 315.909,00.	Samtals	kr. 315.910,00

Að öðrum kosti verður gengið að lögveði tollstjóra í ökutækjunum fyrir ógreiddu vörugjaldi, dráttarvöxtum og kostnaði, skv. 3. mgr. 111. gr. tollalaga, sbr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Um álagningu dráttarvaxta fer eftir 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 6. maí 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 19. s.m. gerir tollstjóri þá aðalkröfu að málinu verði vísað frá þar sem kærufrestur sé liðinn. Telji ríkistollanefnd að taka beri málið fyrir til efnislegrar meðferðar krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Þá segir að um vörugjald af ökutækjum gildi lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Í 1.gr. laganna sé að finna þá meginreglu að greiða skuli í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, o.fl., svo sem nánar greinir í lögum þeim, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, og eldsneyti, sbr. 27. kafla viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, eftir því sem segir í lögum þeim. Í 3. gr. segi að á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki séu sérstaklega tilgreind í 4. gr., skuli lagt vörugjald í eftirfarandi gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0-2.000	30
II	Yfir 2.000	45

Í 2. mgr. 5.gr. laganna segir að þrátt fyrir ákvæði 3.gr. skuli vörugjald ef eftirfarandi ökutækjum vera sem þar greinir og í 5. tl. 2. mgr. 5. gr. komi fram að vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skuli vera:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0-2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Einnig komi fram að bifreið sem ber lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulíð skuli skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til að leigja bifreiðar eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Einungis sé heimilt að nýta bifreið samkvæmt þessum tölulíð til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Bílaleiga skuli haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulíð. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna, með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til útleigu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í V. kafla reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, sé að finna nánari útfærslu á lækkun eða niðurfellingu vörugjalds. Í 14. gr. reglugerðarinnar sé fjallað um bílaleigubifreiðar. Í 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar séu tilgreind þau skilyrði sem lækkun vörugjaldsins sé háð en í 4. tl. 2. mgr. 14. gr. komi fram það skilyrði að bifreið skuli eingöngu nýtt til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu. Einnig segir að við mat á því skuli miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða með öðrum hætti sem tollstjóri meti fullnægjandi. Í 3. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar komi fram að ef brotið sé gegn framangreindum skilyrðum (2. mgr. 14. gr.) þá gildi ákvæði 20. gr. reglugerðarinnar um greiðslu fulls vörugjalds, lögveð og beitingu álags.

Embætti tollstjórans í Reykjavík telur að með orðalagi 5. tl. 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum þar sem fram kemur að einungis sé heimilt að nýta bifreið samkvæmt þeim tölulíð til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni, og orðalag 4. tl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 þar sem fram kemur að bifreið skuli eingöngu nýtt til útleigu hjá

viðkomandi bílaleigu, sé gerð sú krafa að bílaleigubifreiðar þær sem njóta niðurfellingu vörugjalds verði að vera til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Með yfirlýsingum um eftirgjöf vörugjalds af bílaleigubifreiðunum RR-860 og YM-408 sem undirritaðar voru þann 8. nóvember 2001 f.h. S., sbr. lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum og reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, skuldbatt S. sig til að endurgreiða að fullu eftirgefið vörugjald ef skilyrði 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 væru brotin. Samkvæmt framlögðum gögnum er ljóst að bifreiðarnar RR-860 og YM-408 hafa verið nýttar til útleigu hjá bílaleigunni Á. Voru bifreiðarnar því ekki eingöngu nýttar til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu og telur embættið því skilyrði eftirgjafar vörugjalds hafa verið brotin, sbr. 4. tl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum með síðari breytingum.

Samkvæmt framlögðum gögnum er notkun bifreiðanna sem hér segir:

RR-860: Skv. gögnum frá bílaleigunni var bifreiðin ekin 43.340 km. við lok 18 mánaða tímabilsins. Af hálfu S. hafa verið lagðir fram leigusamningar upp á 35.392 km, sem eru 81% af notkun bifreiðarinnar. Ekki er hægt að taka til greina leigusamninga frá bílaleigunni Á., þar sem eingöngu mátti nýta bifreiðina til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu.

YM-408: Skv. gögnum frá bílaleigunni var bifreiðin ekin 42.975 km. við lok 18 mánaða tímabilsins. Af hálfu S. hafa verið lagðir fram leigusamningar upp á 29.882 km, sem eru 70% af notkun bifreiðarinnar. Ekki er hægt að taka til greina leigusamninga frá bílaleigunni Á., þar sem eingöngu mátti nýta bifreiðina til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu.

Þá segir að í kæru til ríkistollanefndar komi fram að kærandi hafi verið í góðri trú þegar hann afhenti bifreiðarnar RR-860 og YM-408 til útleigu hjá Á. til að koma í veg fyrir frekara tjón vegna reksturs S. og verið að framfylgja lögum og reglum eftir bestu vitund. Að mati embættisins hvílir almennt rík skylda á forsvarsmönnum bílaleiga að kynna sér skilyrði eftirgjafar vörugjalds eins og þau koma fram í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum og reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Skilyrði eftirgjafar vörugjalds koma einnig mjög skýrt fram í yfirlýsingum þeim, er hvíla á viðkomandi bifreiðum og undirritaðar eru fyrir hönd viðkomandi bílaleigu. Embættið telur því að kæranda hefði átt að vera ljóst hvaða skilyrðum eftirgjöf vörugjaldsins var bundin og góð trú kæranda breyti ekki skýrum lagaákvæðum. Í yfirlýsingunum er einnig skýrt tilgreint að verði skilyrði eftirgjafar ekki uppfyllt, skuldbindi viðkomandi bílaleiga sig til að greiða mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar eða niðurfellingar.

Hvað varðar þau sjónarmið sem fram komu í tölvupósti til embættisins frá 8. janúar s.l. um að við meðferð málsins beri að skoða málið með tilliti til brotsins, brotavilja, tilgangs, afleiðinga og hagnaðs vegna brotsins og hvort og hverjir stuðluðu eða jafnvel aðstoðuðu við brotið, ítrekar embættið að skilyrði reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald, eru mjög skýr. Ljóst er að löggjöfin tekur ekki tillit til huglægra þátta s.s. alvöru brotsins, brotavilja, tilgangs o.s.frv. og því hafnar embætti því að tillit verði tekið til þess að reglur hafi ekki verið vísitandi brotnar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í kærinni sé einnig tekið fram að á þeim tíma sem bifreiðarnar væru í útleigu hjá Á. ehf. hafi verið fyllt skilmerkilega inn í leigusamninga sem lög og reglur bjóða og farið hafi verið eftir ákvæðum laga hvað annað varðar. Til þess að vörugjald sé eftirgefið verða öll þau skilyrði sem fram koma í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum og reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum að vera uppfyllt. Eins og að framan er rakið telur embættið ekki öll skilyrði 14. gr. reglugerðar um vörugjald af ökutækjum uppfyllt og því beri kæranda að greiða eftirgefið vörugjald af bifreiðunum RR-860 og YM-408. Einnig vekur embættið athygli á því að það hefur ekki heimild til þess að víkja frá skilyrðum laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum né reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Hvað varðar þá fullyrðingu kæranda að hann hafi verið í sambandi við embættið til að taka af allan vafa hvort að ráðstöfun sú er mál þetta varðar hafi áhrif á vörugjöldin og var honum tilkynnt um að svo væri ekki. Embættið telur þá fullyrðingu að embættið hafi veitt rangar upplýsingar varðandi leigu til annarra bílaleiga alfarið ranga. Reglum reglugerðar nr. 331/2000 hafi ekkert verið breytt frá setningu þeirra varðandi þann þátt að bifreið skuli eingöngu nýtt til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu enda komi það skýrt fram í yfirlýsingu vegna eftirgjafar kvaðar.

Að lokum vekur tollstjóri athygli á því að embættið hafi heimild til að innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi og jafnframt svipta hina brotlegu bílaleigu rétti til lækkunar vörugjalds skv. 14. gr. í 3 ár, sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 331/2000. Í ljósi aðstæðna hafi verið ákveðið aðeins að innheimta eftirgefið vörugjald auk dráttarvaxta.

Embætti tollstjórans í Reykjavík krefst þess að kæru L. f.h. Þ. forsvarsmanns S., á úrskurði tollstjóra nr. 3/2004 varðandi endurgreiðslu eftirgjafar vörugjalds af bifreiðunum RR-860 og YM-408 verði vísað frá þar sem kærufrestur málsins sé liðinn. Komi ekki til frávísunar krefst tollstjóri þess, með hliðsjón af öllu framansögðu, að úrskurður tollstjórans nr. 3/2004 um greiðslu eftirgefins vörugjalds af bifreiðunum RR-860 og YM-408 skuli standa óbreyttur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar. Í umsögn hans sem barst ríkistollanefnd þann 3. júní er þess krafist að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar og tillit tekið til þeirra málsástæðna sem tiltekna séu í kærinni.

Kærandi kveðst hafa um langan tíma sinnt hagsmunum umbjóðanda síns og hafi hann leitast við að koma málum sínum í lag bæði félags- og fjárhagslega að sögn kæranda.

Þá segir að umbjóðandi kæranda starfi á frystitogara og sé ekki í landi nema með nokkurra mánaða millibili. Því hafði hann ekki tækifæri til að koma málgögnum eða kynna sjónarmið sín fyrr en eftir að kærufrestur rann út. En aðeins þremur dögum eftir að frestur rann út hafði hann samband við tollstjóraembættið og gerði fulltrúa þar grein fyrir sínum málum. Á sama tíma fór kærandi fram á við tollstjóraembættið að mál þetta fengi að ganga til efnismeðferðar hjá ríkistollanefnd án athugasemda embættisins. Var þeirri beiðni ekki illa tekið en engu lofað í því sambandi.

Nú liggur hins vegar fyrir að tollstjóri krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá þar sem kæran hafi borist eftir að tímafrestur rann út. Umbjóðandi kæranda telur að 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eigi við í þessu máli með vísan til ofanskráðs og biðst afsökunar á að kæran barst ekki innan tímafrest.

Kærandi telur að veigamiklar ástæður mæli með því að mál þetta verði tekið til efnislegar meðferðar þar sem gríðarlegar fjárhagslegar sem og félagslegar ástæður sé um að tefla hjá umbjóðanda sínum. Hann hafi lagt aleigu sína í fyrirtækið og einnig séu ættingjar hans í miklum ábyrgum vegna fyrrum rekstrar hans.

Kærandi telur umbjóðanda sinn hafa verið í góðri trú þegar hann fékk rangar upplýsingar hjá starfsmanni tollstjóra sem leiddu til þessarar kröfu sem nú er gerð og umbjóðandi kærandi reiknaði aldrei með að þurfa að greiða. Þá er þess getið að umbjóðanda kæranda hafi ekki hagnast á þessari gerð á neinn hátt.

Að lokum eru fyrri kröfur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um þá ákvörðun tollstjóra að endurávarða vörugjöld af tveimur bifreiðum RR-860 og YM-408 sem bílaleigan S. hafði fengið niðurfellt vörugjald af. Vegna rekstrarerfiðleika var gerður samningur við bílaleiguna Á. sem yfirtók rekstur þeirra og sem leigði bifreiðarnar út í sínu nafni. Að öðru leyti er vísað til málavaxta sem raktir eru hér að framan. Aðalkrafa tollstjóra er að málinu verði vísað frá þar sem kærufrestur var liðinn þegar málið var borið undir ríkistollanefnd. Til vara krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur. Aðalkrafa kæranda er sú að málið verði tekið fyrir efnislega hjá ríkistollanefnd m.a. með vísan til 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og úrskurði tollstjóra hnekkt þannig að endurkrafa vörugjalds fari ekki fram.

Það liggur fyrir að úrskurður tollstjóra var kveðinn upp þann 4. febrúar 2004. Í úrskurðinum kemur fram að kærufrestur til ríkistollanefndar sé 60 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar. Kveðið er ótvírætt á um þennan kærufrest í 101. gr. tollalaga nr. 55/1987. Fyrir liggur að kæran sem dagsett er þann 10. apríl 2004 barst ríkistollanefnd þann 5. maí s.á. eða um þremur mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar tollstjóra. Ekki verður séð að 28. gr. stjórnsýslulaga eigi hér við. Hins vegar má benda á 6. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, en þar kemur fram að unnt er í undantekningartilvikum að lengja kærufrest, enda komi beiðni um það áður en kærufrestur er útrunninn. Þessu er ekki til að dreifa í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Samkvæmt framanrituðu og með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum ber að vísa máli þessu frá ríkistollanefnd þar sem lögbundinn kærufrestur er liðinn. Með vísan til 101. gr. tollalaga með síðari breytingum er máli þessu vísað frá ríkistollanefnd þar sem lögbundinn kærufrestur er liðinn.

